



Málþing með notendum Faxaflóahafna Miðvikudaginn 25. nóvember, kl. 16:00-17:30

Málþingið var haldið í Hörpu og mættu um 100 manns. Dagskráin var eftirfarandi:

Gísli Gíslason, hafnarstjóri:

– Framkvæmdir og verkefni Faxaflóahafna sf. árið 2016.

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akranesskaupstaðar:

– Akraneshöfn og Sementsreitir – þróun og markmið til framtíðar.

Helgi Laxdal, forstöðumaður rekstrardeildar Faxaflóahafna sf:

– Verkefni Faxaflóahafna sf. til betra umhverfis.

Kristín Soffía Jónsdóttir, stjórnarformaður Faxaflóahafna sf:

– Flóasiglingar og ný Akraborg.

Svavar Svavarsson, deildarstjóri viðskiptaþróunar HB Granda hf:

– Sjálfbær sjávarútvegur sem mengar ekki.

Að loknum framsöguerindum komu eftirfarandi spurningar úr sal, sem hafnarstjóri svaraði:

1. Hvernig stendur á því að Faxaflóahafnir sf. kjósa að hafa mengunariðnað í Hvalfirði? Oft á tíðum liggur mengunarský/mistur yfir nærliggjandi sveitir og byggðir. Hvað ætla Faxaflóahafnir sf. að gera til að minnka/koma í veg fyrir slíka mengun?
2. Er einhver möguleiki á því að minnka/gefa afslátt á hafnargjöldum fyrir fólk sem er komið á ellilífeyri?
3. Er hægt að bæta umhverfi í kringum gáma og smábáta á Akranesi, þannig að aðgengi sé snyrtilegra og bátum sé haldið við?
4. Þar sem að hafnarsvæðið er í mikilli grósku og margvísleg starfsemi í gangi, þá velta menn fyrir sér hvort það væri nokkuð möguleiki á að gera gönguleiðir snyrtilegri með lýsingu milli hafnarsvæðis í Suðurbugt og Granda um Smiðjustíg?
5. Hver er framtíðarsýn Faxaflóahafna sf. fyrir smærri útgerðafélög?
6. Misræmi milli íslensku og ensku heimasíðu Faxaflóahafna. Á ensku heimasíðunni er talað um eftirfarandi:
The Grundartangi port and industrial site is in a non-residential area on the northern shore of Hvalfjörður.
Bent var á að „non-residential area“ passaði ekki við lýsinguna á umhverfi í kringum Grundartanga, því bæjir liggja á víð og dreifð um sveitina.
7. Er það góð hugmynd að smábátar færi sig meira inn á norðurhöfnina, því þar er minna svæði til að athafna sig og öflugar vindhviður?

Málþinginu var slitið kl. 17:30

Gísli Gíslason,
Erna Kristjánsdóttir.